

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Á eftir 4. gr. reglugerðarinnar kemur nýr kafli, *Ýmis ákvæði*, með einni nýrri grein, er verður 5. gr., svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Að fenginni umsókn umráðamanns flugvélar skal endurgreiða honum bensíngjald (C1) og vörugjald af bensíni (LB) ef hann sýnir fram á að bensínið hafi verið nýtt sem eldsneyti á flugvél. Í umsókninni skal tilgreina:

- a. Nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda,
- b. tegund og einkennisstafi flugvélar,
- c. magn bensíns,
- d. meðalbensíneyðslu flugvélar á klukkustund samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda,
- e. samanlagðan flug tíma á því tímabili sem bensínið var nýtt.

Umsókninni skal beint til tollstjóra og henni skal fylgja:

1. Frumrit reiknings vegna bensínkaupa,
2. samantektarskjal, þar sem dagsetning, númer og fjárhæð hvers reiknings og fjöldi keyptra lítra er tilgreindur ásamt samtölum allra reikninga, ef umsókn varðar fleiri en einn reikning,
3. staðfesting á umráðum yfir flugvél, t.d. útprentun úr loftfaraskrá, leigusamningur eða staðfesting á aðild að félagi um rekstur flugvélar (flugklúbbi),
4. afrit af loftferðadagbók á því tímabili sem bensínið var nýtt.

Sækja skal um endurgreiðslu innan þriggja mánaða frá því að eldsneytiskaup áttu sér stað. Umsókn skal afgreidd innan 30 daga frá því að hún berst.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 17. mars 2017.*

F. h. r.

**Ingibjörg Helga Helgadóttir.**

*Benedikt S. Benediktsson.*